

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 3. mars 2026

Mál nr. S-37/2025:

Ákærvaldið

(Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari)

gegn

Kamil Nawrocki

(Hlynur Jónsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað af lögreglustjóranum á Austurlandi með ákæru útgefni 14. mars 2025 á hendur Kamil Nawrocki, kt. [...]. Þar er honum gefin að sök líkamsárás með því að hafa, [...] 2023, utan dyra framan við [...], veist með ofbeldi að A, kt. [...], slegið hann í aftanvert höfuð og sparkað í hægri handlegg hans, með þeim afleiðingum að hann hlaut roða neðan við hársvörð og eymsli og stirðleika í hálsi og hnakka. Er háttsemin talin varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði neitaði sök við þingfestingu málsins 3. apríl síðastliðinn. Af hans hálfu er aðallega krafist sýknu af refsikröfu ákærvalds, til vara að honum verði ekki gerð refsing og til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa og að fullnustu refsingar verði frestað skilorðsbundið. Þá krefst hann þess að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans.

Aðalmeðferð málsins fór fram á tímabilinu frá 13. október 2025 til og með 3. febrúar 2026, einkum þar sem erfiðlega gekk að fá ákærða til skýrslugjafar fyrir dómi. Er hann ekki mætti til aðalmeðferðar 13. október 2025, þrátt fyrir að hafa verið boðaður þangað og hans árangurslaust leitað að morgni dags í því skyni að handtaka hann og færa hann fyrir dóminn til skýrslugjafar, sbr. 1. og 3. mgr. 113. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, var ákveðið, og sammæli voru þar um meðal dómara og sakflytjenda, að aðalmeðferðin færi fram og sá fjöldi vitna sem boðaður hafði verið fyrir dóminn þann dag, og sum hver ferðast um langan veg, gæfi þá skýrslu. Að svo búnu var aðalmeðferð frestað svo áfram gæfist færi á að handtaka ákærða og færa hann fyrir dóminn til skýrslugjafar, auk þess sem eitt vitni hafði forfallast og ákveðið var að boða eitt vitni til viðbótar til skýrslugjafar. Skýrslugjafir þessara vitna fóru fram 16. og 30. október 2026, en þá daga hafði ekki lánast að hafa uppi á ákærða til þess að færa hann fyrir dóminn og þá

hafði verjandi hans ekki náð sambandi við hann. Hinn 12. desember síðastliðinn var svo boðað til framhalds aðalmeðferðarinnar í ljósi þess að ákærði hafði þá greint verjanda sínum frá því að hann yrði þann dag á Austurlandi og vildi koma fyrir dóminn til skýrslugjafar. Ákærði mætti þó ekki fyrir dóminn þann dag, verjandi náði ekki sambandi við hann og hittist ákærði ekki á heimili sínu [...] þann dag við vitjun lögreglu og [...]. Varð því ekki af skýrslugjöf ákærða og var aðalmeðferð málsins eins og hagaði til frestað þar til lögregla næði að handtaka ákærða og færa hann fyrir dóminn.

Hinn 26. janúar síðastliðinn hafi ákærði svo samband við verjanda sinn. Eftir fund þeirra var óskað eftir því að ákærði sækti þinghaldið og gæfi skýrslu gegnum fjarfundarbúnað þar sem hann væri staddur í Póllandi. Fór sú skýrslugjöf fram degi síðar að því gættu að sammæli voru um það meðal dómara og sakflytjenda að það væri til hagræðis að ákærði mætti til skýrslugjafarinnar gegnum fjarfundarbúnað og að það þætti, eins og hagaði til, ekki stofna sönnunarfærslu í hættu, þar á meðal með tilliti til meginreglunnar um milliliðalaus sönnunarfærslu. Í ljósi þess að ákærði hefði áður mætt fyrir dóm við meðferð málsins og staðreynt væri að hann væri einn þætti ekki ástæða til þess að efast um að það væri í raun og veru ákærði sem gæfi skýrslu og að skýrslugjöfin væri óþvinguð, þ.e. að ákærði yrði ekki fyrir utanaðkomandi truflun eða þrýstingi. Eftir skýrslugjöfina voru svo spilaðar tvær upptökur úr bókmyndavélum lögreglu, sbr. kafla I þessa dóms. Einkum í ljósi þess hversu brátt þinghaldið 27. janúar síðastliðinn bar að var ákveðið að fresta meðferð málsins til munnlegs málflutnings, sem fram fór 3. síðasta mánaðar og var málið að svo búnu dómtekið.

I

Samkvæmt skýrslu lögreglumanns B, sem ber heitið samantekt rannsakara, var lögregla kvödd að [...] 2023 vegna ógnandi hegðunar einstaklings. Á vettvangi hafi Kamil Nawrocki, sem síðar var ákærður í máli þessu, verið æstur og ekki hlýtt fyrir mælum lögreglu. Hafi hann verið handtekinn og rætt hafi verið við hann [...] hvar hann hafi róast. Hann hafi verið verkjaður í hendi og því verið farið með hann á [heilbrigðisstofnun], en að svo búnu hafi hann verið frjáls ferða sinna og verið ekið heim. Næsta dag hafi annar nafngreindur einstaklingur hringt í lögreglu og greint frá því að ákærði vildi leggja fram kæru. Honum hafi verið leiðbeint um að ákærði þyrfti sjálfur að hafa samband vegna þess.

Í sömu skýrslu greinir einnig frá því að [...] 2023 hafi A, sem nú síðar er brotapolí þessa máls í skilningi 39. gr. laga nr. 88/2008, komið á lögreglustöð til að kæra

líkamsárás sem hann hafi greint frá að hafa orðið fyrir við dyravörslu [...] sama mánaðar. Hann hafi greint frá því að þekkja ekki þann sem hann vildi kæra en sagt lögreglu hafa handtekið viðkomandi í framhaldinu. Hinn [...] 2023 hafi svo verið tekin skýrsla af ákærða sem vitni á lögreglustöð, hvar hann hafi lagt fram kæru vegna líkamsárásar sem hann hafi borið um að hafa orðið fyrir. Hann hafi greint frá því að þekkja ekki þá sem ráðist hafi á sig en hafa fingurbrotnað í átökunum. Þá greinir og frá því að við rannsókn hafi komið í ljós að um sama tilvik hafi verið að ræða, þ.e. að brotápoli hafi verið dyra-
vörður [...] umrætt kvöld og skipt sér af atviki þar sem ákærði og C hafi tekist á. Af-
skiptin hafi endað á því að ákærði hafi virst ráðast á brotápoli og meðal annars hafa
slegið hann föstu höggi í höfuðið. Í lok desember árið 2024 hafi verið tekin önnur skýrsla
af ákærða, þá sem sakborningi.

Meðal málgagna er sömuleiðis aðkomuskýrsla rituð af lögreglumanni D. Er hann hafi komið á vettvang [...] 2023 hafi lögreglumenn E og F rætt við ákærða upp við húsvegg [...]. Ákærði hafi verið mjög æstur, óhlýðnast fyrir mælum lögreglu, verið „tryggður“ og færður í [...]. Þar hafi hann róast töluvert og því verið ákveðið að aka honum heim. Hann hafi kvartað undan verk í hendi og því verið farið með hann á [heilbrigðisstofnun].

Samkvæmt annarri sams konar skýrslu lögreglumanns G kom sá á vettvang ásamt lögreglumanni H hvar lögreglumenn E og F hafi rætt við ákærða upp við áður tilgreindan húsvegg. Í kjölfarið hafi komið á vettvang borgaralega klæddir lögreglumenn I, D og J. Ákærði hafi verið mjög æstur, ekki unnt að ræða við hann, hann verið lagður í jörðina og „tryggður“ af lögreglumönnum E og F. Hann hafi enn verið mjög æstur og þá verið færður í [...], þar sem hann hafi róast aðeins og orðið viðræðuhæfur. Hafi honum verið ekið til læknis á [heilbrigðisstofnun] þar sem hann hafi sagst vera verkjaður í hendi. Að svo búnu hafi honum verið ekið heim. Til séu upptökur af afskiptunum á búkmyndavél.

Þá eru á meðal málgagna tvö áverkavottorð rituð af læknum K, dags. 16. janúar 2024 og 4. október 2023. Fyrrgreinda vottorðið varðar áverka brotápoli og byggist meðal annars á nótu læknisins L frá [...] 2023, sem skráð er á ensku. Þá er einnig á meðal málgagna íslensk þýðing nótunnar sem yfirfarin var af M lækni. Síðar tilgreinda vottorðið varðar á hinn bóginn áverka ákærða og byggist einkum á nótum læknanna N og O frá [...] 2023.

Í vottorðinu frá 16. janúar 2024 um áverka brotápoli kemur auk annars fram að það hafi verið unnið upp úr sjúkraskrárgögnum vegna áverka sem hlotist hafi [...] 2023 og

að læknirinn sem ritað hafi vottorðið hafi ekki hitt sjúklinginn. Í fyrrgreindri þýðingu þeirrar nótu sem tekin er upp í vottorðið kemur einkum fram að sjúklingurinn hafi verið við dyravörslu [...] þegar atvikið hafi hent og að maður hafi slegið hann í bakið um klukkan 23.30. Eftir það hafi sjúklingurinn verið stífur og aumur í hálsinum. Hann hafi sagt ekki hafa blætt, en hann hafi fundið fyrir eymslum og sagt að ekki hafi verið nein sjáanleg bólga eða roði. Maðurinn sem hafi slegið hann hafi verið handjárnaður og fluttur á brott af lögreglu. Þá hafi sjúklingurinn greint frá því að lögregla hafi spurt hann spurninga og beðið hann um að afla áverkavottorðs. Hann hafi sagt atvikið hafa átt sér stað þremur dögum fyrr (á laugardegi) og þetta væri fyrsta skoðun læknis vegna þess. Hann telji sig ekki hafa fengið heilahristing og hafi talið manninn hafa verið sér reiðan þar sem hann hafi reynt að hindra manninn í að ráðast á aðra manneskju. Einnig að hann hafi sparkað í handlegg sjúklingsins. Sjúklingurinn mæti enn til vinnu, en sé í hlutastarfi. Hann hafi ekki fundið fyrir svima eða misst meðvitund og ekki verið með höfuðverk eftir atvikið. Hann hafi hringt í lögregluna en ekki orðið fyrir sálrænu áfalli. Háls sjúklingsins hafi verið skoðaður og húðin og líti eðlilega út. Einnig hafi verið teknar myndir af hálsi/baki hans og hafi hann sagst finna fyrir sársauka og stirðleika við að hreyfa hálsinn, en ekki við að slaka á.

Í niðurlagi vottorðsins frá 16. janúar 2024 er að finna eftirfarandi samantekt læknisins K á nóttunni: „Högg á aftanvert höfuð. Lýsir fyrst og fremst verk og stífleika við að hreyfa háls. Ekki truflað vinnugetu, vinnur hlutastarf.“ Sömmuleiðis að fjórar myndir hafi verið skannaðar inn í sjúkraskrá brotaþola [...] 2023 og er þeim lýst á þá vegu að mynd eitt og mynd tvö séu sama mynd af hnakka. „Yfirborðssár á bólu efst á baki miðu. [R]oði neðan við hársvörð.“ Myndir þrjú og fjögur séu af sama svæði og myndir eitt og tvö, nema í verri gæðum. „Engin viðbót við lýsingu að ofan.“ Þá segir enn fremur að engar frekari upplýsingar séu um áverka í sjúkraskrárkerfi stofnunarinnar.

Í vottorðinu frá 4. október 2023 kemur í aðalatriðum fram að það sé unnið upp úr sjúkraskrárgögnum innan Heilbrigðisstofnunar Austurlands vegna áverka sem ákærði hafi hlotið [...] 2023. Sá læknir sem ritað hafi vottorðið hafi hvorki hitt né rætt við skjólstæðinginn við gerð þess.

Í vottorðinu eru teknar upp tvær nótur N læknis frá [...] 2023. Í hinni fyrri segir einkum frá því að lögregla hafi haft samband við vakthafandi lækni vegna ákærða sem verið hafi á [...] og lent í útistöðum við nokkra unga pílta. Gripið hafi verið inn í, hann verið „agiteraður“ og þurft hafi að snúa hann niður. Við það hafi hann mögulega meitt

sig á hægri hendi, en þó sé óvíst hvernig áverkinn hafi komið til. Hann hafi komið til skoðunar í lögreglufylgd, allbólgin við þumalrót og átt erfitt með að hreyfa þumalinn sökum verkja. Hann hafi einnig verið nokkuð verkjaður með nánar tilteknum hætti við fyrsta fingur hægri handar og haft skerta getu á öðrum og þriðja fingri sömu handar án þess að vera áberandi bólgin eða þreifiaumur þar. Hann hafi fengið vafningsumbúðir til að „stabilisera“ fingurinn og verið boðið að koma aftur degi síðar því vel væri mögulegt að hann hefði brotnað. Í því samhengi segir og frá því í nótunni að næsta mögulega röntgenrannsóknarstofa væri á [heilbrigðisstofnun]. Hann hafi farið heim í fylgd lögreglu.

Í síðari nótunni er vísað til fyrri nótu sama læknis frá því um nóttina og í aðalatriðum sagt frá því að ákærði hafi haft samband við vaktlækni upp úr hádegi illa haldinn af verkjum og óskað eftir að fá að koma á heilsugæslu. Við skoðun hafi hann verið enn meira bólgin yfir þumalrótinni, með mjög takmarkaða hreyfigetu og meiri verki. Hann hafi verið búinn að fjarlægja umbúðir og virkað nokkuð áhyggjufullur yfir þessu, svolítill „agitation“ og talað hratt og mikið. Hann hafi átt fáa að á svæðinu og ekki verið með bílpróf. Hann hafi [...]. Hann hafi því verið fremur umkomulaus hvað varði að komast leiðar sinnar. Því hafi læknirinn heyrt í sjúkraflutningamanni og ákveðið hafi verið að ákærði færi á [heilbrigðisstofnun] með sjúkrabíl í myndrannsókn.

Í vottorðinu er einnig tekin upp nóta O læknis frá [...] 2023. Þar segir einkum frá almennum högum ákærða sem lyktað hafi af áfengi við komu og að N læknir hafi sent hann umkomulítinn til O og sagt hann hafa lent í ryskingum degi fyrr [...]. Hann hafi talað ensku, en ekki góða, og verið svolítið ör. Hann hafi verið mjög bólgin um svæði á hægri hendi, hvar hann eigi sögu um aðgerð á úlnliðsbeinum og verið þar með „inplanteraðan“ málm. Hann hafi látið heldur illa af þeim viðgerðum handarskurðarlæknis, sem hafi þó verið grónar og engin merki um sýkingu til staðar. Ryskingarnar hafi verið við unga menn og dyravörður hafi þurft að skipta sér af. Hann hafi greint frá því að vita ekki hver hafi valdið áverkanum eða hvernig hann hafi komið til. Hann hafi verið myndaður og í ljós komið að hann hafi verið með brot sem sennilega þyrfti að „stifta“. Hafi læknirinn rætt við bæklunarlækni sem hafi skoðað myndirnar og ætlað að setja hann upp til aðgerðar. Hann hafi fengið gífs sem náð hafi frá tilteknum lið á þumli upp fyrir úlnlið. Verkir hafi minnkað vegna minni hreyfingar.

Í niðurlagi vottorðsins kemur fram að engar frekari upplýsingar liggi fyrir um áverka ákærða en þess megi geta að hann eigi fyrri sögu um áverka á hægri handar-beinum/úlnliðsbeinum, bæði frá árinu 2019 eftir hjólslys og frá árinu 2021 eftir bylту á svelli. Nú sé brot á botni miðfingurbeins nr. 1 (þumalfingurs) eftir ofangreint atvik.

Við aðalmeðferð málsins voru spilaðar tvær upptökur úr búkmyndavélum lögreglu frá handtöku ákærða sem sést handtekinn við [...]. Þar má sjá ákærða æstan við afskipti lögreglu, sparka út í loftið, veita mótspyrnu við handtöku og meðal annars hrópa miður falleg orð á ensku.

Auk fyrrgreindra tveggja skýrslna ákærða hjá lögreglu var við rannsókn einnig tekin skýrsla af C sem sakborningi vegna kæru ákærða á hendur honum. Þá gaf brotaþoli enn fremur skýrslu sem vitni við rannsóknina, sem og P, Q, R, S, T, U og V.

II

Ákærði kvaðst í upphafi skýrslugjafar sinnar fyrir dómi ekki muna vel eftir atvikum [...] 2023 þar sem langt væri um liðið. Þetta kvöld hafi einhver karlmaður alltaf verið að pota í hann og annar komið að sem hafi ætlað að slá hann, en hann náð að verja sig með annarri hendinni með þeim afleiðingum að þumalfingur hafi brotnað. Því hafi lögregla flutt hann á [heilbrigðisstofnun]. Hann hafi í kjölfarið farið í aðgerð og sé með stálplötu og þrjár skrúfur, geti illa notað þumalinn og finni fyrir doða í þeim fingri.

Aðspurður hvort hann hafi átt í samskiptum við dyravörð þetta kvöld kvaðst hann muna eftir að hafa farið út að ganga með hundana nálægt barnum og að ráðist hafi verið á hann. Læknir hafi sett hann í gifs til að byrja með, en svo hafi hann þurft að fara í aðgerð þar sem höndin væri illa farin eftir að ráðist hafi verið á hann. Hann viti ekki hver sá dyravörður eigi að vera, hann hafi bara farið út að ganga með hundana og þá verið ráðist á hann. Ef hann sæi það fólk sem hefði ráðist á hann myndi hann örugglega ekki þekkja það þar sem hann hefði borið fyrir sig hendurnar til að fá ekki högg í andlitið. Þá kvaðst hann ekki muna eftir að hafa sjálfur slegið neinn. Hundarnir hans hafi verið í ólum sem hann hafi haldið í, auk þess sem hann hafi lent í slysi á hendi fyrir um sex til sjö árum og gæti því ekki slegið neinn. Tvær manneskjur hafi ráðist á hann og hægt sé að kanna í læknisskýrslum að önnur hönd hans sé í ólagi og að hann sé [...]. Þá bar hann um að hafa liðið illa vegna málsins og haft sjálfsvígshugsanir.

Aðspurður um hvort hann myndi eftir að hafa sparkað í einhvern kvaðst hann ekki geta sagt til um það þar sem margt hefði verið í gangi. Kannski hafi hann sparkað í einhvern til að verja sig. Þá hafi honum verið tjáð í skýrslugjöf hjá lögreglu að einhver hafi

sagt hann hafa hafi sparkað í hausinn á einhverjum, en það hefði hann ekki getað. Í því samhengi spurði hann í dómsalnum hvort hann liti út eins og ballettdansari. Hann kvaðst kannski hafa verið búinn að drekka tvo eða þrjá bjóra þetta kvöld dag en myndi samt vel eftir hvað gerst hafi. Þá neyti hann engra fíkniefna og sé á móti slíkum efnunum. Kvaðst hann kannast við að hafa farið í skýrslutökur hjá lögreglu [...] 2023 og 18. desember 2024, hina fyrri á Austurlandi en hina síðari í Hafnarfirði.

Nánar aðspurður um árás þessara tveggja manna bar hann um að hafa fengið högg í andlitið. Mennirnir tveir hefðu svo gengið í áttina frá honum, en hann kvaðst ekki muna hverjir það hefðu verið, þar á meðal ekki eftir andlitum þeirra. Annar þeirra hefði þó verið með dökka húð og sá hefði fyrst slegið hann í andlitið. Hann haldi að annar gæti hafa verið dyravörður þar sem hann hafi verið í svörtum fötum. Hann sjálfur hafi einungis verið að verja sjálfan sig fyrir árás og kvaðst ekki muna hvort hann hefði náð að bera fyrir sig hendurnar. Hann kvaðst þó muna eftir að hafa fundið til verkja í höfðinu þegar hann hafi verið að detta og svo í annarri hendinni þegar hann hafi verið dottinn. Hann mundi ekki nákvæmlega hvort hann hefði slasað sig í andliti eða á höfði, þar sem langt væri um liðið, en það sé hægt að athuga í skýrslum lækna.

Þegar honum var kynnt að brotþoli hefði borið um að ákærði hefði lamið hann í hnakkann kvaðst ákærði engan hafa lamið. Það hafi verið ráðist á hann, hann hafi brotnað og komið mjög illa út úr þessu og væri búinn að vera þunglyndur vegna þessa. Þá var ákærða kynnt að fyrir lægi áverkavottorð hvar fram kæmi að brotþoli hefði farið til læknis og kvartað yfir eymslum í hálsi sem hann hafi sagt að hafi komið til þar sem ákærði hafi slegið hann. Sömuleiðis séu á meðal málsgagna myndir af roða á hnakka brotþolans. Er ákærði var svo spurður hvort hann hefði skýringar á þessum eymslum brotþola eftir samskipti þeirra bar hann um að ráðist hefði verið á hann sjálfan þennan dag og að hann hefði endað á spítala. Ef hann hefði slegið einhvern í hnakka myndi ekkert sjást á þar og ef eitthvað sæist ætti viðkomandi að minnsta kosti að vera hnakkabrotinn. Frásögn um að hann hefði ráðist á brotþola stæðist ekki og kvað hann ástæðu hennar vera þá að hann væri útlendingur. Hann væri búinn að fá nóg af þessu máli, sagði aftur frá því að hann hefði haft sjálfsvígshugsanir vegna þess og hefði sjálfur komið verst út úr því. Þeir sem hafi ráðist á hann hafi tilkynnt nokkrum dögum síðar að ráðist hafi verið á þá, bara örugglega vegna hræðslu eftir að hann hafi verið fluttur á spítala og gæti því kært þá.

Aðspurður hvort hann hefði skýringar á því hvers vegna vitni hafi sagt hann hafa slegið brotþola í höfuðið og sparkað í hönd hans svaraði ákærði á þann veg að þriðja vitnið hefði þá séð hann stinga brotþola með hníf, fjórða vitnið hefði séð hann hengja hann og sá fimmti hefði séð hann nauðga honum. Sagði hann meðal annars framburði vitna ekki geta staðist þar sem hann sjálfur hefði verið sleginn niður. Hann hafi ekki gert neitt og hafi komið verst út úr þessu og sé manneskja sem segi satt frá. Þá sé hann smágerður maður, einungis um 80 kg, og geti ekki lúskrað á tveimur manneskjum. Ráðist hafi verið á hann og hann hafi verið að verja sjálfan sig.

Nánar aðspurður hvort hann ræki minni til þess að annar mannanna hafi verið dyravörður kvað hann það vel geta verið þar sem fatnaður annars þeirra hafi verið eins og fatnaður dyravarðar. Aðspurður hvort verið gæti að dyravörður hefði komið að honum og þeim tveimur mönnum sem hann hafi lýst að ráðist hafi á hann bar hann um að annar mannanna hefði spurt hann hvaðan hann væri. Þegar hann hafi sagst vera frá Póllandi hafi hinn skyrpt við fætur hans og þegar hann hafi svo snúið sér við hafi hann verið sleginn höggi í aftanvert höfuðið. Þegar hann hafi verið við það að detta hafi hann svo haldið um andlit sér og dottið á jörðina hvar hann hafi fundið mikið til í hendinni og horft á eftir mönnunum tveimur ganga á brott. Annar þeirra hafi verið með dökka húð. Auk þess hafi annar þeirra hafi verið svartklæddur, en hann kvaðst á nýjan leik ekki muna frekari deili á þeim svartklædda þar sem hann hafi fundið svo mikið til í hendinni og áréttaði að hann myndi sennilega ekki þekkja þá ef hann mætti þeim úti á götu. Við það að hafa verið sleginn og höndin brotnað hafi hann líklega verið í svo miklu adrenalín-sjokki að hann hafi ekki munað meira. Kvaðst hann vera hafður fyrir rangri sök.

Við aðalmeðferð málsins bar *brotþoli A* í aðalatriðum um að hafa verið við störf sem dyravörður [...] 2023. Hann hafi verið í matarhléi þegar komið hafi verið til hans og hann látinn vita af slagsmálum. Er hann hafi komið á vettvang hafi tveir eða þrír menn slegist harkalega. Hann hafi nálgast þá til að stía þeim í sundur og tekið annan þeirra sem þá slógust til hliðar, sem hafi í kjölfarið ráðist á brotþola með því að slá hann í hnakkann. Við það hafi hann tapað gleraugum sínum og þurft að leita að þeim og þá hafi hann sparkað aftan í hönd brotþola. Í kjölfarið hafi fleiri úr dyravörslunni komið að og lögregla. Hann kvaðst ekki þekkja þann sem ráðist hafi á hann og ekki alveg vita hver hann væri, en lýsti honum sem stutthærðum meðalmanni sem hafi verið frekar reiður í skapinu þetta kvöld. Brotþoli hafi hvorki séð hann fyrir né síðar og ekki heyrt á hann minnst, en lagt fram kæru gegn honum. Þetta hafi verið sami maður og síðar hafi verið

handtekinn og S, sem einnig hafi starfað sem dyravörður í umrætt sinn, hafi tekið af brotþola. Brotþoli kvaðst alveg viss um að þetta hefði verið sá sem hefði kýlt hann aftan í hnakkann, sparkað aftan í höndina og reynt að slá meira til hans. Kvað brotþoli þetta hafa gerst þegar hann hafi verið búinn að taka ákærða frá, en annar hafi tekið hinn drenginn frá. Þetta hafi verið algjörlega að tilefnislausu og alls ekki hent þegar hann hafi slitið drengina í sundur. Hann hafi farið til læknis nokkrum dögum síðar og verið aumur í hendinni og hnakkanum. Staðfesti hann að sá læknir hafi verið L.

Aðspurður samsinnti brotþoli því að ákærði hefði verið í uppnámi og greindi í því samhengi frá því að segja mætti að hann hefði verið brjáláður án þess að brotþoli vissi hvers vegna. Hann kvaðst halda að innan við mínúta hefði liðið frá því að hann hefði tekið í sundur þá sem flogist hefðu á þar til hann hefði fengið höggið í hnakkann. Hann hafi snúið baki í hann og þá hafi þetta „gerst mjög snögg“. Kvaðst hann halda að sá sem hafi slegið hann í hnakkann hafi legið ofan á hinum þegar brotþoli hafi tekið þá í sundur og hafi brotþoli þá verið nýbúinn að færa hinn drenginn í hendur annars aðila.

Höggið sem brotþoli hafi fengið í hnakkann hafi verið fast og það hafi verið þegar gleraugun hafi slegist í jörðina og hann leitað þeirra sem hann hafi fengið sparkið og hafi það hafnað aftan í upphandleggnum. Hann hafi talið sparkið hafa verið ætlað í hausinn á sér miðað við stefnu þess. Bar hann um að aðstæður hefðu verið hálfmóðukenndar meðan hann hefði verið án gleraugnanna og því ekki séð nákvæmlega. Engu að síður taldi hann ákærða hafa slegið sig aftan í hnakkann og sparkað í sig byggt á því að hann hafi verið í uppnámi þar sem brotþoli hafi tekið í sundur hann og þann sem ákærði hafi slegist við. Ákærði hafi hagað sér þannig fyrr um kvöldið að brotþola hafi fundist hann verið að leita sér að vandræðum. Búið hafi verið að meina honum um aðgang [...] vegna leiðinda. Aðspurður um hvort þetta gæti hafa verið einhver annar svaraði brotþoli neitandi. S dyravörður hefði komið mjög fljótlega eftir þetta og tekið ákærða og kvaðst brotþoli stórlega efast um að einhver annar hefði sparkað í höndina. Hann vissi þó ekki 100% að ákærði hefði kýlt sig í hnakkann en ákærði hefði verið sá sem hefði verið næstur honum þegar brotþoli hefði snúið baki í hann. Taldi brotþoli ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis því hann hafi hagað sér þannig. Sjálfur hafi brotþoli ekki verið undir áhrifum og sagðist bara hafa verið svangur á leið í matarvagninn.

Við aðalmeðferð málsins bar C svo um atvik að kvöldi [...] 2023 að stór hópur krakka hafi verið fyrir framan [...] og ákærði hafi komið þangað í mjög slæmu ástandi og litið út fyrir að hafa ekki eingöngu neytt áfengis. Hann hafi farið til tveggja vinkvenna C, lyft

þeim upp, rífið af þeim hluti og hótað þeim. Hann hafi líka farið að yngri krökkum og sagst vera MMA-gæi frá Póllandi og tekið í hendur þeirra líkt og hann vildi berjast við þau. Því hafi bæði C og vinkona hans farið til lögreglunnar og kvartað en ekkert verið gert. Svo hafi ákærði haldið áfram líkt og hann væri að fara að berjast við krakkana. C hafi komið að þegar ákærði hafi verið með hendurnar uppi eins og hann væri að fara berjast og sett aðra höndina á upphandlegg ákærða og beðið hann um að róa sig. Ákærði hafi svo ýtt C burtu, þeir tveir flogist á uns dyravörður hafi komið og tekið þá í sundur. Þá hafi ákærði staðið upp og kýlt dyravörðinn aftan í hnakkann. Kvaðst hann hafa séð mjög skýrt er ákærði kýldi brotaþola höggi aftan í hnakkann, vera alveg viss á því, og taldi sig muna að brotaþoli hefði dottið aðeins fram á við því þetta hefði verið slæmt högg, en tók fram í því samhengi að þetta hefði gerst fljótt. Hann hafi ekki séð frekari átök og sjálfur verið að reyna að koma sér á brott.

Nánar aðspurður greindi C frá því að ákærði hefði sett hendur sínar í bardagastöðu eftir að hafa ýtt C og á þá að hafa sagt honum að fokka sér burtu. Nokkur högg hafi gengið milli hans og ákærða og það hafi verið ákærði sem hafi átt fyrsta höggið og byrjað að slá til C án þess að hæfa. Ákærði hafi öskrað eitthvað til C þegar hann hafi ýtt honum en hann þó ekki heyrt það þar sem ákærði hafi verið í svo slæmu ástandi, en vinir hans hafi þó sagt honum að ákærði hafi sagt eitthvað um húðlit hans. Aðspurður greindi C frá því að ákærði hefði ekki beðið um að láta sig í friði áður en hann ýtti C, þeir hafi ekkert talað saman fyrir það. Í sömu mund og hann hafi ýtt honum hafi hann öskrað eitthvað „fokkaðu þér“ og hafi C tekið því þannig að ákærði hafi verið byrjaður að ráðast á hann. Hann hafi ekki sagt „láttu mig í friði“ og engin þannig samskipti átt sér stað. Hann hafi bara séð hann ráðast á lítinn krakka og því beðið hann rólega um að róa sig og sett hönd á upphandlegg hans án þess að taka fast í hann. Hvorugur hafi haft yfirhöndina þegar þeir hafi slegist í jörðinni, heldur snúist í hringi. C náð þó náð að fara klofvega ofan á ákærða sem hafi reynt að kýla C og hafi C reynt að verjast höggunum og halda ákærða. Þá hafi vörðurinn komið og tekið C af ákærða. Það hafi verið þá sem ákærði hafi kýlt dyravörðinn í hnakkann. Dyravörðurinn hafi reynt að róa alla niður, en ákærði samt skotist upp og kýlt hann. Þá hafi U, vinkona hans, einnig reynt að taka C og ákærða í sundur. Var C þess fullviss að ákærði hefði verið að reyna að kýla dyravörðinn en ekki sig því hann hefði verið kominn aðeins í burtu. Vinkonur C hafi þarna verið búnar að segja honum að fara og hann hafi verið að taka saman dótið sitt til að koma sér heim og

þá hafi hann séð ákærða kýla dyravörðinn. Þá hafi örugglega verið um fimm til tíu metrar á milli þeirra C.

Eftir samskipti C og ákærða, og C verið kominn út úr aðstæðunum, hafi ákærði strax lent í útistöðum við einhvern annan og slegist áfram við hann, sem C kvaðst í fyrstu ekki muna hver hefði verið. Bar hann einnig um að þetta hefði örugglega verið einhver vina hans sem myndi einnig gefa skýrslu fyrir dómi en þorði ekki að giska þar sem hann væri ekki 100% viss. Hann hefði ekki mikið talað við fólk um þetta slæma atvik.

Nánar aðspurður um tímasetningu þess að dyravörðurinn hafi verið kýldur kvað hann ákærða hafa sprottið upp og kýlt dyravörðinn föstu höggi aftan í hnakkann eftir að þeir tveir hafi verið teknir í sundur þegar dyravörðurinn, sem verið hafi [...], hafi verið að ræða við hinn aðilann, en C þá verið kominn í burtu. Hann kvaðst ekki hafa séð ákærða gera meira við dyravörðinn en að kýla hann í hnakkann en gat þess að hafa heyrt hann hafa gert meira. Jafnframt bar C um að hafa séð þennan mann, sem einnig hafi flogist á við ákærða, klæddan í svartan eða gráan fatnað og þeir hafi haldið í fætur hvors annars. Margt fólk hafi verið viðstatt og hrætt við ákærða og fólk hafi síðar komið að máli við hann til að þakka honum fyrir að fjarlægja ákærða frá mjög ungum krökkunum. Ákærði hafi ögrað fólk, hótað fólk, lyft fólk upp og verið í hræðilegu ástandi.

C kvaðst hafa drukkið smá áfengi þetta kvöld, en hafa verið í nógu góðu ástandi til að reyna að tala við ákærða og róa niður, en hann ekki „verið þar“. Hann hafi á hinn bóginn engra fíkniefna neytt. Bar C einnig um að hafa séð ákærða um klukkutíma síðar ganga frá bar, því að lögreglan hafi tekið ákærða og svo sleppt honum.

Fyrir dómi greindi R svo frá að [...] 2023 hefði ákærði verið búinn að vera með læti áður en hann hefði mætt að [...] og verið mjög orkumikill. Hann hafi komið að R og félagi hans og spurt hvort þeir vildu glíma við hann, en vinkona R hafi varað við að ræða við ákærða þar sem hann hafi verið búinn að vera að hóta fólk. Hafi ákærði hótað að lemja R vegna einhvers sem hann kvaðst ekki reka minni til hvað hefði verið. Hann hafi aðallega verið að reyna að fá R til að glíma við sig, en þá hafi félagi R, C, komið og beðið ákærða um að hætta þessu. Upp úr því hafi orðið slagsmál sem R kvaðst ekki geta lýst þar sem það hafi komið „ógeðslega mikið adrenalín í hausinn“. Svo hafi verðir komið að og rætt við þá og einnig R. Bar R um að verðirnir hefðu haldið þeim þegar ákærði hefði sparkað í einn dyravörðinn. Þá bar R einnig um að ákærði hefði náð að sleppa, tekið upp hníf og allt hefði einhvern veginn farið úr böndunum.

Þá kvað hann annan dyravörðinn sem að hafi komið heita S. Hann kvaðst á hinn bóginn ekki vita hvað sá dyravörður heiti sem ákærði hafi sparkað í, en sá sé [...]. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega eftir öðru sem ákærði hafi gert og treysti sér því ekki til að greina frá því, en þegar ákærði hafi sparkað í dyravörðinn hafi hann verið með kjúklingavefju í hendinni. Hann kvaðst þó ekki 100% viss um að ákærði hefði sparkað í höndina, en vefjan hefði að minnsta kosti farið úr hendinni þegar hann hefði sparkaði í hann. Dyravörðurinn hafi haldið ákærða fyrir aftan sig eða til hliðar með annarri hendinni svo ákærði næði ekki að ráðast á C og þá hafi ákærði einhvern veginn náð að sparka í höndina á honum. Kvaðst R á hinn bóginn ekki muna eftir að hafa séð ákærða slá brotaþola í hnakkann líkt og hann hafi borið um í skýrslugjöf hjá lögreglu. Aðspurður hvort ákærði hefði kannski upplifað að sér væri ógnað þegar brotaþoli hafi haldið honum kvað R það geta verið. Verðirnir hafi reynt að halda þeim báðum og brotaþoli hafi verið á milli ákærða og C þegar ákærði hafi sparkað í hönd brotaþola. Á hinn bóginn hafi C verið allt of langt frá til að ákærði hefði getað sparkað til hans. Því kvaðst R búast við að sparkið hefði átt að fara í dyravörðinn.

Loks bar R um að hafa drukkið áfengi þennan dag, en ekki verið mikið ölvaður.

Við aðalmeðferð málsins bar T um að hafa verið drukkinn umrætt kvöld og muna „rosa lítið“. Hann hafi verið að líta til með frænku sinni og hafi ákærði komið að og hótað að nauðga henni. Hann hafi verið mjög óþægilegur við alla. Þá hafi félagi T, sem sé [...], beðið ákærða að hætta, en þá hann orðið „ógeðslega [...] við hann“, kallað hann [...] og öllum ljótum orðum því hann væri „[...]“. Næsta sem hann hafi vitað hafi verið að þeir hafi verið farnir að slást. Svo hafi T verið að reyna að hjálpa með því að stoppa þá og þá hafi ákærði örugglega haldið að T hafi líka verið að slást og hann því líka lent „óvart í þessu“ en reynt að koma sér út úr því. Það hafi aftur á móti ekki gengið fyrir en, að hann héldi, að S dyravörður hafi rifið hann „út úr þessu“. Það hafi allir verið að reyna að stoppa þetta. Áður en þetta hafi gerst hafi verið búið að láta lögregluna vita af ákærða, en enginn komið fyrir en það hafi verið orðið of seint.

Nánar beðinn um að lýsa þessum dyraverði sagði T hann vera „alveg stór“ en gat í því samhengi á ný um eigin ölvun og að hafa verið orðinn pirraður. Þá lýsti hann nánar samskiptum sínum við ákærða í jörðinni en bar einnig um minnisleysi hvað það varðaði sökum eigin ástands og að langt væri um liðið. Þá kvaðst hann halda að hann hefði séð ákærða lemja dyravörðinn aftan í hnakkann þegar hann hefði verið að reyna að skakka leikinn, en ekki hafa séð neitt annað þar sem þeir ákærði hefðu verið í jörðinni að slást

og á þeim tímapunkti ekki hafa vitað hvar C, vinur hans, hafi verið. Kvaðst hann ekki vita hvort höggið hefði verið þungt. Hann kvaðst þó muna að sá dyravörður sem ákærði hafi lamið hafi verið [...]. Hann haldi að hann hafi ekki verið með [...], en kvaðst ekki muna það. Þetta hafi ekki verið sami dyravörður og hafi hjálpað T í burtu, en sá hétí S. Hinn hafi T aftur á móti aldrei séð áður.

Hann kvaðst sérstaklega spurður þar um ekki hafa greint lögreglu frá átökum sínum við ákærða, en lögreglan hafi þó sagst vita af þeim. Lögreglan hafi bara þælt í „[gælunafn C]“ en ekki í honum. Röð atvika hafi verið þannig að fyrst hafi C og ákærði slegist, svo hafi ákærði slegið dyravörðinn og svo hafi ákærði og T slegist og greindi hann í því samhengi að það hafi gerst „millisekúndu“ síðar. Aðspurður um hvort hann hafi séð dyravörðinn fá spark í höndina kvaðst hann ekki muna eftir því enda væru um tvö ár síðan. Kvaðst hann bara muna eftir höggi í hnakkann og vera viss um að hafa séð það gerast. Bar hann einnig um að muna ekki eftir að hafa greint frá því í skýrslugjöf hjá lögreglu að sparkað hafi verið í dyravörðinn, þótt verið geti að hann hafi sagt það. Hann kvaðst allavega minna að ákærði hefði slegið dyravörðinn í hnakkann. Þá kvaðst hann ekki muna hvort dyravörðurinn hefði verið í einhverjum átökum. Hann hafi örugglega munað þetta betur fyrir um tveimur árum í skýrslugjöf hjá lögreglu. Nú fyrir dómi muni hann voðalega lítið og ekki eftir því hvers vegna hann hafi ekki greint frá því hjá lögreglu að hafa séð ákærða lemja brotþola í hnakkann, en greindi í því samhengi frá því að sumt hafi farið að koma til baka. Hann hafi farið að hugsa út í þetta og munað þetta þegar hann hafi verið boðaður fyrir dóm. Það geti verið að ákærði hafi sparkað í hönd dyravarðarins þegar hann hafi verið tekinn af „[gælunafn C]“, en hann muni það „voðalega lítið“. Verið geti að hann hafi munað eftir því þegar hann greindi frá því í skýrslugjöf hjá lögreglu að hafa séð ákærða sparka í hönd dyravarðarins.

Þeir C hafi verið vinir á þessum tíma en tali lítið saman í dag. Talað hafi talað um þessi slagsmál í vínahópnum á sínum tíma en skilja mátti á T að það hafi þó ekki verið stórmál. Hann hafi á hinn bóginn verið búinn að steingleyma því að þetta hafi gerst þar sem enginn hafi talað um þetta svo lengi. Þeir hafi samt örugglega rætt þetta daginn eftir að þetta gerðist.

U kvaðst fyrir dómi hafa verið [...] 2023. Ákærði hefði verið búinn að atast í vinkonu hennar og systur vinkonunnar, hefði haldið á systurinni og verið með stæla. U hafi ekki litist á það svo hún hafi fært sig frá og sagt öðrum vinum sínum að halda sig fjarri ákærða. Svo hafi hún séð „[gælunafn C]“ labba upp að ákærða og tala rólega við hann. Þegar hún

hafi svo litið við hafi ákærði verið að ýta „[gælunafn C]“, þannig hafi samskipti þeirra hafist. Aðspurð um hvort hún hafi séð högg ganga á milli þeirra svaraði hún neitandi og kvaðst hafa verið svolítið í glasi þannig að þetta sé væri svolítið í brotum. Hún hafi reynt að ganga á milli þeirra og þau þrjú endað í jörðinni. Hún hafi reynt að taka C burtu, en svo labbað burtu með vinkonu sinni.

Í kjölfarið hafi hún einnig séð dyravörð í jörðinni, og lýsti honum sem [...]. Búið hafi verið að láta dyraverði og lögreglu vita. Hún hafi ekki séð hvað hafi hent dyravörðinn, heldur hafi hann verið kominn í jörðina er hún hafi snúið sér við. Hún hafi ekki séð annan dyravörð koma, heldur lýsti hún því svo að djammið hefði verið búið hjá henni og hún á leið heim. Hún kvaðst halda að dyravörðurinn sem farið hafi á jörðina hafi tekið ákærða og C í sundur. Hún kvaðst ekki muna hvernig hún, C og ákærði hafi endað á jörðinni eða hvernig dyravörðurinn hafi meiðst. Hún hafi rifið bolinn hans C þegar hún hafi reynt að toga hann frá og einhver annar hafi tekið ákærða. Hún sjálf hafi lent á milli þeirra. Ákærði hafi fallið á bakið í jörðina og hún lent ofan á honum og C ofan á henni. Dyravörðurinn hafi svo tosað „[gælunafn C]“ af og hún þá náð að standa upp. Þegar C hafi verið að reisa sig upp hafi hann endað á að sitja ofan á ákærða án þess að U gæti lýst nánar hvernig.

Þá var U kynnt að hún hafi í skýrslugjöf á rannsóknarstigi greint frá því að hafa séð ákærða berja dyravörðinn í höfuðið eftir að dyravörðurinn hafi tekið C og U. Hún hafi í kjölfarið farið í burtu í einhvern tíma og svo séð ákærða tala við dyravörð og þá hafi ákærði byrjað að berja dyravörðinn í höfuðið með krepptum hnefa þegar hann hafi snúið baki í hann. Aðspurð um hvort hún myndi eftir þessu svaraði hún játandi og kvað þetta hafa átt sér stað áður en hún hafi séð dyravörðinn liggja á jörðinni. Hún hafi séð höggið þegar hún hafi litið við og svo hafi dyravörðurinn farið í jörðina. Aðspurð með vísan til þess að hún hafi verið búin að lýsa því að hafa ekki séð þetta og hvort hún hafi þá munað þetta betur í skýrslugjöf hjá lögreglu játti U því. Hún hafi verið búin að gleyma þessu en svo farið að hugsa um þetta síðustu daga eftir að hafa verið boðuð fyrir dóm, en hafi munað þetta betur hjá lögreglu þegar styttra hafi verið liðið frá atvikum. Eftir að hafa fengið höggið og farið í jörðina hafi hann svo rætt við ákærða en lögregla komið eiginlega strax á staðinn.

Aðspurð nánar um áfengisneyslu sína í umrætt sinn kvaðst hún ekki hafa drukkið meira en vanalega þannig að hún hafi ekki verið „alveg á rassgatinu“ heldur bara verið „svona góð“. Hún hafi verið búin að drekka rólega frá klukkan átta eða níu um kvöldið, en áflogin hafi verið eftir miðnætti. Þá bar hún um að þau C væru vinir.

Fyrir dómi sagði V svo frá atvikum [...] 2023 að hún hafi tekið vinkonu sína í burtu, sem upphaflega hafi lent á milli í rifrildi sem orðið hafi að einhverju öðru. Svo hafi dyravörður mætt og fengið högg í höfuðið eða „eitthvað svoleiðis“. Hún kvaðst ekki geta lýst dyraverðinum eða högginu nánar, en hafa séð hann falla í jörðina. Ákærði hafi veitt honum högg með hnefa og kvaðst hún eiginlega ekki muna aðdraganda þessa, heldur bara brot af þessu, en bar þó um að höggið hafi verið aftan í hnakka dyravarðarins stuttu eftir að hann hafi komið til að taka ákærða og „[gælunafn C]“ í sundur. Lýsti hún því svo að höggið hafi ekki verið fast, en þó ekki laust, og að hafa bara séð eitt högg. Dyravörðurinn hafi farið í jörðina við höggið. Hún hafi svo ekki séð neitt meira heldur farið heim. Dyravörðurinn hafi verið [...].

Aðspurð með vísan til þess framburðar hennar hjá lögreglu að hafa greint frá því að hafa séð einhver átök og einhver högg ganga á milli, hvort hún hafi þá verið að lýsa höggum á milli C og ákærða, staðfesti hún að svo hafi verið. Þegar henni var kynnt að hjá lögreglu hefði hún lýst því að dyravörður hefði fengið högg í andlitið, en núna fyrir dómi högg aftan í hnakkann, og hún spurð um það misræmi frásagna, kvaðst hún muna voða lítið eftir þessu og ekki hvort væri rétt. Staðfesti hún þó að telja nú að höggið hefði verið aftan í hnakka og kvaðst aðspurð ekki hafa rætt atvikið við annan en lögreglu og ekki hafa heyrt það frá öðrum að dyravörðurinn hafi verið sleginn aftan í hnakkann. Kvaðst hún hvorki muna eftir að hafa rætt atvikið að öðru leyti við annan á staðnum eða síðar. Lögregla hafi sagt henni frá höggum, en ekki aftan í hnakka. Hún kvaðst nánar aðspurð ekki örugg á því hvort höggið hafi verið í andlit eða aftan í hnakka, en vera viss um að hafa séð ákærða veita dyraverðinum högg. Hafi dyravörðurinn ekki beint snúið baki í ákærða, heldur fremur verið á hlið þegar ákærði hafi veitt honum höggið. Kvaðst hún aðspurð ekki muna eftir því að ákærði hafi sparkað í dyravörðinn.

Hún bar einnig um að hafa verið ölvuð þetta kvöld, án þess að geta greint frá því hvort hún hafi verið lítið eða mjög ölvuð. Hún hafi verið „alveg búin að drekka eitthvað“, en kvaðst ekki neyta annarra vímugjafa.

P greindi svo frá dómi að hafa verið á gangi með vinkonu sinni, Q, á leið á [...]. Eins og hann myndi þetta, og vísaði í því samhengi til þess að langt væri um liðið, hefði þetta byrjað þannig að ákærði hefði rætt við unga stráka á horninu við [...] og rakti nánar hvernig hann hefði borið kennsl á ákærða. Brotapoli hefði komið þarna að til að tvístra hópnum, en P kvaðst ekki muna nákvæmlega hvernig það hafi atvikast. Þá hafi ákærði

byrjað að láta högg dynja á brotaþola og kallað hafi verið á fleiri öryggisverði, auk þess sem lögregla hafi verið kölluð á staðinn.

Brotapoli væri [...] og ákærði hefði kýlt hann frá hlið, eins og hann myndi það, og útskýrði vitnið nánar hvernig. Brotapoli hafi reynt að verja sig með höndunum og ýta ákærða frá sér. Högginn hafi hafnað á andliti og höfði, en þangað hafi ákærði verið að reyna að slá. Hafi högginn ekki lent á bók brotaþola og kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða sparka í brotaþola. Brotapoli hafi aftur á móti reynt að ýta ákærða frá sér og snúa höfðinu frá. Atlöguna kvaðst vitnið þó ekki muna nákvæmlega. Síðar um kvöldið hafi vitnið svo séð ákærða á „[veitingastað]“.

Kvaðst vitnið halda að ákærði hefði verið einn á ferð, vita hver hann væri og rakti nánar þau deili sem hann þekkti á ákærða. Þá bar hann um að hafa verið búinn að neyta áfengis en hafa alls ekki verið mjög ölvaður.

Q kvaðst við aðalmeðferð málsins hafa gengið [...] niður í bæ á „[veitingastað]“ [...] 2023. Þegar hún hafi gengið framhjá [...] hafi hún tekið eftir manni sem augljóslega hafi verið undir áhrifum efna. Hann hafi verið með tryllt augnaráð, nasirnar úti og gert sig líklegan til að lemja alla sem komið hafi nálægt honum. Hann hafi sveiflað höndunum fram og til baka. Þarna hafi líka verið hópur ungra stráka og hafi maðurinn ráðist á einn þeirra. Drengurinn hafi endað á jörðinni, ákærði slegið hann á fullu og vinirnir reynt að draga hann af án þess að maðurinn stoppaði. Hún hafi reynt að kalla eftir aðstoð og þá hafi tveir dyraverðir komið að og reynt að draga manninn af honum, því drengurinn hafi ekki náð að verja sig á neinn hátt. Þá hafi maðurinn líka farið að lemja frá sér til þeirra. Kvaðst Q ekki vita hvort hann hafi náð að lemja til annarra, en hann hafi verið með drápsaugnaráð og reynt að valda skaða. Það næsta sem vitnið hafi vitað hafi verið að lögregla hafi komið að og hafi vitnið farið með því fólki sem hún hafi gengið með á [veitingastað]“ og ekki viljað skipta sér of mikið af. Þessi maður hafi svo komið þangað síðar um kvöldið, að því er vitnið haldi um hálf tíma eða klukkutíma seinna, og þá með glott á andliti, og stært sig af því að hafa verið í þessum slagsmálum. Hann hafi boðið upp á skot, sýnt sig og verið eins og hann væri að fagna því að hafa gengið frá þessum dreng.

Lýsti Q því svo nánar að dyraverðirnir hafi reynt að taka manninn af drengnum og maðurinn hafi þá líka byrjað að slá til þeirra. Kvaðst hún ekki vita hvar þau högg hafi lent eða hversu alvarleg þau hafi verið, en þetta hafi virkað viljandi högg hjá honum. Hann hafi augljóslega verið með einhverja kunnáttu í bardagaíþróttum og ekki verið að

slá út í loftið. Þarna hafi verið hópur af ungum drengjum, líklega orðnir 18 ára án þess að Q vissi hversu gamlir þeir hefðu verið, sem hann hafi verið að reyna að lemja til, að minnsta kosti til nokkurra þeirra. Vinir stráksins sem hafi endað á jörðinni hafi líka verið að reyna að verja vin sinn, en hafi ekki átt roð í þennan eina mann. Einn drengjanna hafi lent illa í höggi frá manningnum og hann svo haldið áfram að kýla hann á jörðinni og kvað Q það hafa verið sjokkerandi þar sem þetta hafi verið fullorðinn maður og strákurinn legið á jörðinni.

Nánar aðspurð um hvernig slagsmálin hafi byrjað lýsti Q því svo að maðurinn hafi gengið ógnandi um og gert sig líklegan til að lemja hvern sem væri. Aðspurð um aðdraganda rýsinganna milli mannsins og drengsins kvað hún einhver orðaskipti hafa orðið milli ákærða og þessa drengs en gat ekki greint nánar frá þeim að öðru leyti en að þetta hafi ekki virkað eitthvað persónulegt, fremur maðurinn að gera sig tilbúinn til að fara í slagsmál við hvern sem væri. Aðspurð um hvor hafi slegið hinn á undan sagði hún þetta hafa verið „smá Davíð og Golíat“ uppsetningu, þ.e. fullorðinn karlmaður gegn dreng, en bar um að muna ekki hvor hafi slegið fyrr. Sá eldri hafi verið með mikla tilburði til að ráðast á hinn og það hafi virkað á hana eins og sá ungi hafi verið að verja sig, óháð því hvor hafi slegið á undan, en muni ekki nákvæmlega atburðarásina og hvort hún hafi séð byrjunina. Um þrjár manneskjur hafi verið á milli hennar og atvika þannig að hún hafi verið mjög nálægt og hafi hún sjálf og vinur hennar kallað á lögreglu. Ungi drengurinn hafi verið orðinn blóðugur í andliti og ákærði verið með blóð á hnefunum á sér og einnig verið með það síðar um kvöldið á „[veitingastað]“. Þegar dyraverðirnir hafi komið að hafi ákærði verið ofan á drengnum, vinir hans að reyna að stöðva ákærða, en hann verið með yfirburði gagnvart þeim öllum og augljóslega á einhverjum efnum. Ákærði hafi verið ofan á og allir að reyna að taka hann af og að reyna að verja strákinn, en enginn átt roð í ákærða. Þegar dyraverðirnir hafi komið hafi ákærði sjálfur ákveðið að standa upp og fara að slást við þá, það hafi ekki verið þannig að þeir hafi haft stjórn á honum. Ungi drengurinn hafi verið með ljóst yfirbragð, en hún viti ekki annað um hann en að hann hafi verið einhver ungur drengur [...]. Hún hafi verið [...] með fólki frá [...] sem hafi vitað hver ákærði, sem hún nafngreindi, væri og því hafi ákærði komið til þeirra síðar um kvöldið til að „fagna“ þar sem hann hafi þekkt til fólksins sem hafi verið í kringum hana. Ein stelpan sem Q sagði að hefði verið þarna með hafi verið tengd ákærða, en Q mundi ekki hvernig. Hún sjálf hafi ekki viljað koma nálægt honum. Hann hafi virkað í andlegu ójafnvægi og beitt ofbeldi.

Þegar dyraverðirnir hafi komið að áflogunum hafi þeir verið að reyna að koma ákærða frá þessum strákahóp og þá hafi athygli ákærða beinst að dyravörðunum frekar en strákunum. Annar dyravörðurinn hafi verið [...] og hafi meira beitt sér gegn ákærða. Sá dyravörður hafi verið [...]. Á þessum tímapunkti hafi svo margt fólk verið að reyna að verjast ákærða og því hafi hún ekki hugsað um persónur. Kvaðst hún því ekki muna eftir frekari einkennum dyravörðanna, sem hafi komið nokkurn veginn á sama tíma. Ákærði hafi slegið til þeirra þegar þeir hafi reynt að draga hann í burtu. Hann hafi ekki slegið óvart til þeirra, fremur þannig að hann hafi ákveðið að slá til þeirra þar sem hann hafi verið hættur að slást við hina. Nánar aðspurð um hvar högginn hafi lent á dyravörðunum sagði hún þetta hafa verið bardagahögg sem hann hafi beitt af fullu afli en hún sá ekki hvar þau lentu. Að minnsta kosti voru högg með hnefum, hann hafi líka komið með spörk en hún muni ekki hvert þau fóru. Þetta hafi smá verið eins og að horfa á bíómynd með bardagatilburðum. Hún kvað ákærða vera frá Póllandi með austurevrópskt útlit, dökkhærðan og dökkan yfirlitum og með dökkar augabrýr, og kvaðst halda að hann væri undir eða um einn og sjötíu á hæð, þ.e. lágvaxnari en hún sjálf, sem hafi verið á hælum í umrætt sinn. Hann hafi verið sterkbyggður, augljóslega með vöðvamassa.

Aðspurð um að aðili sem hún hafi borið um í lögregluskýrslu að hafi þekkt ákærða hafi komið að og náð að róa hann, eftir að öðrum hafði mistekist það, kvað hún það rétt eftir sér haft. Þetta hafi ekki verið dyravörður og þessi aðili hafi komið í kjölfarið. Upplifun hennar hafi verið að enginn á svæðinu hafi ráðið við ákærða fyrr en þessi utanaðkomandi aðili hafi komið. Hún sjálf haldi að hún hafi verið búin að drekka einn eða tvo bjóra, ekkert sem myndi mælast í henni, en hafi engra annarra vímugjafa neytt.

Fyrir dómi bar S, sem líkt og brotaþoli starfaði við dyravörslu [...] í umrætt sinn, um að þar sem langt væri um liðið væri farið að fenna aðeins yfir minni sitt af atvikum. Það hafi þó verið stympingar [...] sem ákærði hafi verið viðriðinn. Þá hafi hann einnig verið búinn að vera með leiðindi fyrr um kvöldið og þeir neitað honum um inngöngu. Hann kvaðst ekki reka minni til þess að hafa séð árás á brotaþola, en brotaþoli hafi tjáð honum að ráðist hafi verið á hann þegar hann hafi verið að borða. Honum hafi þótt árásin algjörlega að ósekju og ef hann myndi þetta rétt hafi hann ekki verið að gera neitt eða blanda sér í neitt. Kvaðst vitnið þó ekki muna eftir því að brotaþoli hafi lýst árásinni fyrir sér. Afskipti vitnisins hafi komið þannig til að hann hafi haldið ákærða föstum þar til lögregla hafi komið og handtekið hann. Ákærði hafi verið árásargjarn og enginn annar ráðist á neinn. Ákærði hafi aftur á móti ekki viljað hætta, vitnið hafi reynt að róa hann með orðum

en þegar það hafi ekki gengið hafi vitnið haldið ákærða og svo kom lögregla fljótt. Ákærði hafi verið í svipuðu ástandi og þegar vitnið hafi áður séð hann með tilliti til ölvunar, ekkert verið ofurölvi fremur en vanalega, en vitnið gat þess að ákærði virtist vera einstaklega óheppinn með að lenda í veseni. Hann hafi ögrað fólki og verið með almenn leiðindi, en samt með bros á vör, þreytandi týpa.

Aðspurður hvort það geti passað sem hann hafi greint frá í skýrslu á rannsóknarstigi, að brotaþoli hafi sagt vitninu frá því að hann hefði verið sleginn, þegar vitnið hafi komið að, hann haldið um hnakkann á sér, verið smá utangátta og greinilega lent í einhverju, kvað vitnið það 100% að hafi hann sagt þetta í skýrslugjöf hjá lögreglu hafi hann munað það þá, þó svo að hann muni það ekki lengur í smáatriðum. Staðfesti hann að öðru leyti frásögn sína í skýrslugjöf hjá lögreglu, þar á meðal um að brotaþoli hafi haldið að ákærði hafi slegið hann í höfuðið.

Við aðalmeðferð málsins staðfesti *lögreglumaður N, áður nr. [...]*, að hafa ritað aðkomuskýrslu. Hann hafi komið á vettvang við [...] 2023 og þá hafi verið þar lögreglumenn E og F, sem þá hafi verið nr. [...]. Ákærði hafi verið æstur upp við húsvegg, verið færður í lögreglutökum í jörðina og handjárnaður. Þá bar vitnið auk annars um að hafa hringt í lögreglumann *Æ*, sem ekki hafi verið á staðnum, að lögregla hafi fært ákærða [...] og þar hafi aðkomu lögreglumannsins lokið. Hann hafi ekki verið með við að koma ákærða til læknis. Kvaðst hann ekki muna meira um ástand ákærða eða hvort hann hafi verið látinn blása.

Á dómþingi bar *lögreglumaður nr. F, áður [...]*, um að lögregla hafi fengið tilkynningu um einstakling við [...] og farið á staðinn, þar á meðal hann. Ákærði hafi verið þar í tökum upp við húsvegg. Rætt hafi verið við ákærða, hann verið æstur og settur í handjárn. Ekki hafi verið unnt að tala við hann án þess að hann æstist enn frekar. Hann hafi svo verið færður í lögreglubifreið og [...]. Þar hafi hann róast og í kjölfarið verið farið með hann á [heilbrigðisstofnun] vegna verkja í hendi og svo hafi honum verið ekið heim. Aðspurður bar *lögreglumaðurinn* um að muna hvorki hvernig útkallið hafi hljómað eða hvernig ástand ákærða hafi verið með tilliti til neyslu áfengis eða fíkniefna.

Þá greindi *lögreglumaður E* á svipaða lund og aðrir lögreglumenn fyrir dómi um afskipti lögreglu af ákærða þetta kvöld. Bar hann um tilkynningu vegna slagsmála og óláta [...], að lögregla hafi séð ákærða upp við vegg eftir einhver ólæti, handtekið hann þar og

fært [...]. Ákærða hafi verið komið undir læknishendur. Hann hafi virkað á lögreglumanninn eins og hann væri undir áhrifum þar sem hann hafi verið æstur og „úti um allt“ og bar vitnið sömuleiðis um að hafa séð ákærða ráfandi um fyrr um kvöldið.

Þá er þess að geta að á dómþingi greindu *lögreglumenn I, Ö, AA og B* frá aðkomu sinni að málinu á rannsóknarstigi. Staðfestu lögreglumennirnir einkum að hafa ýmist yfirheyrt ákærða eða vitni á rannsóknarstigi og/eða að hafa unnið skýrslur sem eru á meðal málgagna.

Fyrir dómi greindi *læknirinn K* frá tveimur áverkavottorðum sem hann hafi gefið út og eru á meðal málgagna, sbr. kafla I dómsins, annars vegar dags. 16. janúar 2024, vegna brotaþola, og hins vegar dags. 4. október 2023, vegna ákærða. Hann hafi hvorugan sjúklinginn hitt, hafi unnið vottorðin upp úr nótum í sjúkraskrá, en ritað skýringartexta við myndir sem teknar hafi verið. Þá hafi hann einnig ritað samantekt áverkavottorðsins vegna brotaþola, byggt á nótu hvar meðal annars segi frá höggi í aftanvert höfuð og að lýst sé fyrst og fremst stífleika við að hreyfa háls. Hann kvað það sitt álit að þær afleiðingar sem gerð sé grein fyrir í áverkavottorði brotaþola samræmdust því að brotaþoli hafi verið sleginn í aftanvert höfuðið.

Aðspurður um síðasta málsliðinn í samantektartexta í niðurlagi áverkavottorðs ákærða, að hann sé nú með brot á botni miðfingurbeins nr. 1 (þumalfingurs) eftir ofangreint atvik, kvað læknirinn átt við það atvik sem hann hafi komið til athugunar vegna sem sé tengt tilvitnuðum nótum. Einnig að upplýsingar um áverka á handarbeinum/úlnliðsbeinum frá 2019 og 2021 byggist á sjúkraskrárgögnum.

Þá staðfesti *læknirinn M* fyrir dómi að hafa ritað þýðingu vottorðs L af ensku yfir á íslensku, sbr. kafla I dómsins. Í skýrslugjöf hennar kom fram að ranglega hafi þó verið þýtt að sjúklingur hafi greint frá því að fengið högg í bakið, þar hafi átt að standa högg í aftanvert höfuðið.

Við aðalmeðferðina greindi læknirinn L frá því að hafa tekið á mótí brotaþola [...] 2023 með vísan til texta í nótu læknisins sem tekinn var upp í áverkavottorð brotaþola, dags. 16. janúar 2024, sem hann sagði hljóma eins og hann hefði ritað hann. Þá greindi hann frá því að hafa tekið myndir af brotaþola. Aðspurður um hvort það að sjúklingurinn hafi lýst verkjum og stífleika við að hreyfa háls samræmdist því að hann hefði fengið högg aftan í höfuð kvað læknirinn það vera fræðilega mögulegt.

Við aðalmeðferð málsins bar *O lækni* um að hafa skoðað ákærða [...] í kjölfar þess að hann hafi verið sendur til hans eftir skoðun lækni [...] þar sem talið hafi verið líklegt að það þyrfti að mynda ákærða. Hann hafi verið á [...] og lent þar í rýsingum og verið meiddur á handleggnum þannig að þumalfingursrótin hafi verið mikið bólgin. Tók lækni­rinn þó meðal annars fram að samskipti þeirra hafi verið á ensku sem ekki hafi verið af miklum gæðum. Ákærði hafi verið bólgin í kringum úlnliðinn. Hann hefði áður farið í aðgerð þar sem bátsbein, eitt af átta beinum úlnliðsins, hafi verið numið brott og gerðar festingar milli annarra beina í úlnliðnum. Ákærði hafi verið óánægður með þá aðgerð en þarna hafi eitthvað gerst til viðbótar. Hann hafi reynst brotinn þannig að fyrsta mið­handarbeinið, næst úlnliðnum, hafi verið brotið með svokallaðri „Bennetts fraktúru“. Þegar það gerist þurfi yfirleitt að festa brotið með aðgerð til að tapa ekki starfsemi í þumlinum, sem sé verðmætasti fingur handarinnar. Því hafi lækni­rinn staðfest brotið með myndatöku og sent áfram tilmæli til Akureyrar um að taka ákærða í aðgerð. Á hinn bóginn hafi dregist fram í ágúst að hann færi í aðgerð þar sem hann hafi ekki haft ná­komna sér til aðstoðar, en það hafi ekki verið skaðlegt fyrir hann. Hann hafi farið í gifs á meðan til að minnka verki, ekki til að brotið greri, og svo virðist af nótum sem aðgerðin hafi svo gengið þokkalega vel, án þess að hann vissi hvað ákærða fyndist um það.

Aðspurður um hvort áverkinn gæti verið afleiðing þess að kýla fast aftan í höfuð ein­hvers kvað lækni­rinn bækur segja að þessi áverki væri algengastur við það að falla á útrétta höndina eða að fá álag beint framan á þumalinn. Hann geti þó komið til við högg af einhverju tagi, en fall sé algengasta ástæðan fyrir áverkanum. Kvaðst lækni­rinn þó ekki vita hvernig áverkinn hefði komið til, en fall með höggi beint framan á þumal væri algengasta ástæðan fyrir svona broti. Aðspurður hvort þetta gæti engu að síður komið til við högg kvað lækni­rinn svo vera, en þetta væri þó ekki dæmigerður höggáverki eins og brot á fimmta miðhandarbeini, svokallað boxarabrot þegar einhver slær krepptum hnefa í vegg eða andstæðing sinn, en áréttaði að hann gæti ekki fullyrt um tilurð áverkans.

Þá staðfesti hann að hafa ritað nótu [...] 2023 sem væri í áverkavottorði, dags. 4. október sama ár. Ákærði hefði verið talsvert verkjaður þegar hann kom til læknisins eftir að hafa verið skoðaður tvívegis af lækni á [...], í síðara skiptið minna ölvaður en samt lyktandi af áfengi. Kvað lækni­rinn ölvun vera verkjastillingu í sjálfu sér og því alengt að ölvaðir menn sem fengu áverka kæmu ekki til læknis fyrr en degi síðar. Þegar hann hefði hitt ákærða hafi ákærði verið ör og þjáður, væntanlega orðinn svolítið þunnur.

Læknirinn N bar fyrir dómi um tvær nótur sem hann ritaði um komu ákærða [...] 2023 og tekur eru upp í fyrrgreint áverkavottorð, dags. 4. október 2023. Aðspurður hvort hann myndi eftir því að ákærði hefði tjáð sig um hvernig áverkinn á hægri þumli hefði komið til bar læknirinn um að lögregla hefði haft samband við hann sem vakthafandi lækni þegar [...] og hefði honum skilist á lögreglu að ákærði hefði lent í útistöðum við unga pilt, án þess að læknirinn hefði nánari upplýsingar þar um, en þær hefðu leitt til áverkans. Hann hafi komið til læknisins í fylgd lögreglu og einnig farið í lögreglufylgd. Hann kvað einhverja tjáskiptaerfiðleika hafa verið milli sín og ákærða, þar sem ákærði hafi ekki talað íslensku og ekki skýra ensku, og rak ekki minni til þess að ákærði hefði tjáð lækninum hvernig hann hefði slasast. Kvaðst læknirinn telja ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis án þess að geta fullyrt það. Hann hafi verið „agiteraður“ og útskýrði að með því ætti hann við óróleika, sem gæti komið til vegna hásháð adrenalíns í blóði í kjölfar útistaðna en gæti einnig vegna notkunar örvandi lyfja án þess að unnt væri að fullyrða neitt um það.

Einnig greindi læknirinn frá því að í ljósi eðlis brotsins á þumalrótinni væri ekki óalgennt að sjá brot af því tagi þegar einstaklingur kýldi eitthvað, þar á meðal annan einstakling eða hlut, sérstaklega ef viðkomandi væri ekki í boxhönskum. Þekkt sé að þetta geti gerst í bardagaíþróttum en geti einnig komið til við að einhver detti og falli á fingur sem lendi á milli líkama og jarðar. Útskýrði hann og nánar að ekki væri óalgennt að svona brot kæmu til ef fingur væri beygður og krepptur inn í lófa og til kæmi álag sem rykkti fingri aftur eða út til hliðar úr þeirri stöðu. Því hafi stundum verið talin tenging við að kýla eða vera í boxi ef fingur losnaði frá krepptum hnefa, en svona áverki gæti hlotist af öðrum orsökum. Aðspurður með vísan til álits læknisins O um að algengast væri að áverki af þessu tagi kæmi til við að viðkomandi félli á útréttan fingur taldi N hvort tveggja geta gengið upp, en áréttaði fyrra álit sitt með vísan til þess sem hann myndi úr fræðunum, en sagði þetta þó geta gerst á aðra vegu.

Þá kvað lækninn sig minna að ákærði hefði verið meira verkjaður í síðara skiptið sem hann hefði komið til hans. Í fyrra skiptið hafi hann komið til læknisins rétt eftir miðnætti og í síðara skiptið, á sömu dagsetningu, seinni part [...] 2023 og bólgan þá væntanlega verið meiri. Hafi hann verið undir einhverjum áhrifum í fyrra skiptið hafi hann mögulega fundið meira til í hið síðara, en þá hafi verkirnir augljóslega verið meiri.

Mál þetta varðar ætlaða líkamsárás ákærða, Kamil Nawrocki, á brotaþola, A, er hinn síðarnefndi starfaði sem dyravörður [...] 2023. Vitnisburðir sem raktir eru í kafla II dómsins bera það almennt með sér að ölvun hafi verið meðal viðstaddra og nokkur ringulreið og báru ákærði og vitni einnig um annað ofbeldi en einvörðungu það sem sakargiftir lúta að.

Ákærði neitar aðallega sök, en verði hann fundinn sekur af háttsemi samkvæmt ákæru, þá ber hann við neyðarvörn. Lúta varnir hans einkum að því að hann hafi verið fórnarlamb líkamsárásar C skömmu fyrir þetta sama kvöld og hlotið alvarlega áverka. C hafi viðurkennt að hafa slegið ákærða fyrst og að ákærði hafi sagt honum að láta sig í friði. Hafi sú háttsemi sem ákærði sé sakaður um verið varnarviðbrögð við yfirstandandi, ólögmati árás. Þá sé fyrir hendi grundvallarvafi í málinu vegna ósamræmis vitnisburða, sem einnig séu óreiðukenndir, þar á meðal í vitnisburðum um átök ákærða og C og um ætlaða árás á brotaþola. Þá séu mörg vitna úr vinnuhópi C, sem hafi haft stöðu sakbornings við rannsókn á fyrri stigum málsins, og meta verði framburði þeirra eftir því. Allan vafa verði að skýra ákærða í hag. Þá séu skilyrði 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga allt að einu fyrir hendi, þannig að hafi ákærði farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, hafi það verið vegna skelfingar af völdum ólögmatrar árásar. Hann hafi verið í varnarlaustrí stöðu, umkringdur óvinveittu fólki og ekki getað gert greinarmun á þeim sem reyndi að stöðva átökin og mögulegum nýjum árársaðila. Viðbrögð hans hafi ekki verið sjálfstæð árás heldur hluti varnarviðbragða í geðshreringu.

Við mat á sönnun gætir dómurinn að því á grunni 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, en regla þessi birtist einnig í 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög um sáttmálann nr. 62/1994.

Við sönnunarmat er sem endranær haft hugfast að samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákæruvaldinu. Leiðir þegar af þeim orðum að sönnunarbyrði ákæruvalds nær ekki til þess að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 18. júní 2025 í máli nr. 3/2025, 11. september 2014 í máli nr. 233/2014 og 2. nóvember 2000 í máli nr. 248/2000. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sömu laga metur dómari svo hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt ákærða, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og

önnur sönnunargögn. Enn fremur metur dómari það á grunni 2. mgr. sama lagaákvæðis, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það. Þá mælir fyrir um það í 1. mgr. 111. gr. laganna að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Við meðferð málsins hafa einkum verið færð fram þau sýnilegu sönnunargögn sem fjallað hefur verið um í kafla I þessa dóms og við aðalmeðferð gáfu skýrslu ákærði og vitni hvers framburður hefur í aðalatriðum verið rakinn í kafla II dómsins.

Hvað þá atburðarás sem við er að etja áhrærir er til þess að líta að ákærði gat fyrir dómi takmörkuðu ljósi varpað á þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Bar hann sem fyrr greinir um að ráðist hafi verið á hann þegar hann var spurður um samskipti sín og brotþola og mörgum svara hans við spurningum um þau atvik fylgdi almenn frásögn af því að hann hafi glímt við líkamlegar og andlegar afleiðingar vegna málsins. Þá kvaðst hann fyrir dómi meðal annars ekki hafa getað viðhaft háttsemina, vegna meiðsla sinna og að hann hafi verið úti að ganga með hundana sína og haldið í þá með ól. Þá verður enn fremur að skilja spurningu ákærða um hvort hann líti út fyrir að vera ballerína, er hann var spurður út í ætlað spark í hönd brotþola, á þann veg að hann telji sig ekki hafa verið líkamlega færán um að sparka í hönd brotþola. Lutu svör hans almennt að því að hann hafi verið að verjast árás, meðal annars manns sem klæddur hafi verið dökkum fötum sem gæti hafa verið dyravörður.

Brotþoli bar um það fyrir dómi að árásin á hann hafi verið tilefnislaus og hafa komið til er hann skipti sér af slagsmálum utan [...] er hann var í matarhléi. Kvað hann tvo eða þrjá hafa slegist og skömmu áður en hann sjálfur hafi verið sleginn hafi hann stíað tveimur þeirra í sundur. Hann hafi ekki séð hver hafi slegið sig en haldið ákærða aftan við sig er hann hafi verið sleginn í hnakkann og svo verið sparkað í upphandlegg hans er hann leitaði gleraugna sinna á jörðinni í kjölfarið. Þetta hafi verið að tilefnislausu og hafi ekki gerst þegar hann hafi slitið þá sem í sundur slógust, heldur hafi þá verið liðinn nokkur tími og hinn verið farinn frá.

Eins og rakið hefur verið í kafla II dómsins var sýn vitna á tildrög atvika og hegðun og ástand ákærða fyrr um kvöldið í öllum aðalatriðum verulega ólík þeirri sem ákærði bar um. Þar af kvað dyravörðurinn S ákærða fyrr um kvöldið hafa verið með leiðindi og verið meinaður aðgangur að [...]. Þá greindi lögreglumaður E, aðspurður um ástand

ákærða með tilliti til ætlaðra áhrifa vímugjafa, um að hafa séð ákærða ráfandi um fyrr um kvöldið.

Þá höfðu vinirnir C, U, T og R ólíka sögu að segja af upphafi rýskinga ákærða og C. Bar C um að þær hefðu hafist vegna framkomu ákærða í garð vinkvenna hans og ungra krakka og að ákærði hefði átt upphaf áfloganna. Þá kvað hann meðal annars einnig ákærða hafa mætt utan [...] í mjög slæmu ástandi. Af framburði R verður svo ráðið að hann hafi verið einn þeirra sem C hafi séð ákærða eiga samskipti við utan [...]. Bar R um læti og orkumikla framkomu ákærða og eins og C bar hann um að ákærði hefði viljað glíma við viðstadda. Sömuleiðis auk annars um að vinkona hans hefði varað hann við samskiptum við ákærða. Þá kvað T ákærða auk annars hafa komið að frænku hans og hótad að nauðga henni og að hafa verið mjög óþægilegur við alla. Eins að ákærði hafi kallað C [...] áður en þeir tveir hafi slegist. U bar um að ákærði hefði verið búinn að atast í vinkonu hennar og systur vinkonunnar. Ekki kom neitt fram hjá vinkonu þessara fjórmenninga, V, um háttsemi ákærða áður en áflogin hófust.

Jafnframt lýsti Q því að ákærði hefði augljóslega verið undir áhrifum efna utan [...], verið með tryllt augnaráð, nasirnar úti og gert sig líklegan til að lemja alla sem komið hafi nálægt honum og svo síðar endað í slagsmálum. Hún og P kváðust fyrir dómi hafa komið saman gangandi að er þau voru á leið á [...] þarna nærri.

Óháð því hver átti upptökin að áflogum C og ákærða og þykir upplýst, með vísan til framburða brotþola, C, U og T, að fleiri hafi síðar blandast þar í. Brotþoli bar um slagsmál tveggja eða þriggja, U bar um að hafa verið í jörðinni með ákærða og C og T kvaðst sjálfur hafa slegist við ákærða í kjölfar þess að ákærði hafi veist að brotþola, þó svo að hann hafi jafnframt efnislega borið um að hafa sjálfur verið að reyna að stilla til friðar. Þykir í því tilliti liggja fyrir, meðal annars með vísan til framburðar C, Q og T, að sá síðastnefndi hafi verið sá drengur klæddur gráum og svörtum fatnaði sem ákærði flaugst á við síðar.

Þá þykir sú frásögn brotþola, sem studd er áverkavottorði og mati lækna, að hann hafi verið sleginn í aftanvert höfuðið, eiga sér stoð í frásögnum nokkurra vitna. Brotþoli sjálfur taldi ákærða hafa verið þar að verki í ljósi staðsetninga viðstaddra. Þá bar S samstarfsmaður hans einnig um það fyrir dómi að brotþoli hefði borið um það á staðnum að ráðist hefði verið á hann að ósekju og staðfesti einnig framburð sinn hjá lögreglu um það og að brotþoli hafi haldið um hnakkann á sér, verið smá utangátta, að hafa greinilega lent í einhverju og að hafa þá talið ákærða hafa verið þar að verki.

Þá þykir, þrátt fyrir ölvun viðstaddra, áflog C og T við ákærða, og vinatengsl R, U og V við C og T, í ljósi alls þess sem fyrir liggur ekki óvarlegt að leggja framburði vinanna til grundvallar um meginatvik milli brotaþola og ákærða að því marki sem frásagnir þeirra samrýmast öðrum gögnum, þar á meðal öðrum vitnisburðum. Frásögn C um að ákærði hafi kýlt brotaþola í hnakkann þegar brotaþoli hafi reynt að róa alla niður þykir í samræmi við framburð brotaþola sjálfs af atvikinu og einnig að höggið hafi verið ætlað brotaþola þar sem C hafi verið kominn einhverja metra í burtu. Aftur á móti kvaðst R fyrir dómi ekki hafa séð ákærða veita brotaþola högg í hnakkann líkt og hann hafði áður gert í skýrslugjöf hjá lögreglu, þótt hann hafi borið um að hafa munað atvik betur þá. T bar einnig um að hafa séð ákærða slá dyravörð höggi í hnakkann og af aðstæðum og lýsingum hans á dyraverðinum að dæma verður að telja brotaþola hafa verið þann dyravörð. Þó þykir verða að meta þessa frásögn hans í ljósi þess að hann hafi fyrst greint frá því fyrir dómi að ákærði hafi slegið brotaþola. Sömuleiðis fær frásögn brotaþola stoð í framburði U fyrir dómi hvar hún staðfesti frásögn sína hjá lögreglu af því að hún hafi séð ákærða berja dyravörðinn með krepptum hnefa eftir að brotaþoli hafi skakkað áflogin. Sú stoð fæst einnig í framburði V þó svo að misræmis hafi gætt hjá henni í frásögn fyrir dómi og hjá lögreglu um hvar höggið hafi lent á höfði brotaþola. Styðst frásögnin jafnframt við vitnisburði P og Q sem komu þarna að og ekki voru í för með hinum fimm. Báru þau þó um fleiri högg ákærða á brotaþola en önnur vitni og óljósara hafi verið af þeirra frásögnum hvaða dyravörður hafi orðið fyrir höggunum þó svo að Q hafi borið um að ákærði hafi meira beitt sér gegn [...] dyraverðinum. Er talið ljóst af framburði þeirra að það var ákærði sem veittist að brotaþola. Bar Q auk annars um að högginn hafi verið viljandi, bardagahögg og að minnsta kosti með hnefum.

Þykir frásögn brotaþola um að hafa verið sleginn aftan í hnakkann þannig trúverðug og í samræmi við annað það sem í meginatriðum er komið fram í málinu og rakið hefur verið. Þá þykir einnig samkvæmt framanrituðu sannað að ákærði hafi verið þar að verki.

Þá er til þess að líta að brotaþoli bar enn fremur sjálfur um að sparkað hafi verið í upphandlegg hans er hann var á jörðinni að leita gleraugna sinna og greindi hann einnig frá því sparki við skoðun hjá lækni þremur dögum eftir atvikið og í skýrslugjöf hjá lögreglu. Q bar um það fyrir dómi að ákærði hefði sparkað til dyravarðar, en eru framburðir R og T um spark brotaþola þó ekki eins markvissir og bar enginn annar úr vinnuhópnum um það fyrir dómi að hafa séð ákærða sparka í brotaþola. R bar fyrst í skýrslugjöf sinni fyrir dómi um að hafa séð spark og þá að brotaþoli hafi haldið á kjúklingavefju sem hafi

farið í jörðina. Að því marki var samsvörun við að afskipti brotaþola af ákærða hefðu verið í matarhléi brotaþola. Í skýrslugjöf hjá lögreglu greindi R frá því að það hefði ákærði gert og kvaðst fyrir dómi meðal annars hafa munað atvik betur við þá skýrslugjöf.

Þykir frásögn brotaþola um að sparkað hafi verið í upphandlegg hans þannig sömuleiðis eiga stoð í öðru því sem fram er komið og vera sönnuð í ljósi framburða framan- greindra vitna, þar á meðal Q, og að því virtu sem framan er rakið, að ákærði hafi einnig verið þar að verki.

Án tillits til upphafs þeirra áfloga sem ákærði átti í við C og svo síðar T að kvöldi [...] 2023 gáfu frásagnir vitna fyrir dómi, hvorki brotaþola, vindahóps þeirra tveggja sem slógust við ákærða né frásögn P og Q sem komu þar að, til kynna að slík tengsl gætu hafa verið milli áfloganna við C og atlögunnar að brotaþola í tíma eða rúmi að ákærði hafi með réttu getað álitid að afskipti brotaþola hafi verið hluti af ólögmati árás gegn honum. Heldur ekki að afskiptin sem slík hafi verið árás á hann þannig að unnt væri að telja háttsemi hans unna af neyðarvörn. Þvert á móti bar brotaþoli um að C hefði þá þegar verið færður á brott og að hann hafi upplifað árásina sem tilefnislausu. Sú upplifun brotaþola er í samræmi við frásögn C um að hann hafi þá verið kominn nokkra metra í burtu og bar R sömuleiðis meðal annars um að allt of langt hafi verið á milli ákærða og C til að ákærði hafi ætlað að slá C. Enn fremur bar T í þessu samhengi um að röð atvika hefði verið þannig að ákærði og C hefðu slegist, svo hefði ákærði slegið dyravörðinn, að því gættu að framburður hans var þó á talsverðu reiki eins og rakið hefur verið. Einu mögulegu tengslin í tíma eru þau að samkvæmt T hófust slagsmál hans og ákærða örskömmu síðar, en í því samhengi hefur dómurinn hugfast að af framburði viðstaddra, sem gátu um það borið, verður með engu móti annað ráðið en að ákærði hafi ætlað sér að slá dyra- vörðinn og sparka í hann. Hann hafi samkvæmt framburði Q snúið sér að brotaþola þegar hann hafi verið hættur að slást við aðra. Í öllu falli er ekkert fram komið í málinu sem rennt getur haldbærum stoðum undir þá vörn af hálfu ákærða að hann hafi verið að verjast yfirstandandi ólögmati árás er hann veittist að brotaþola. Styðst það mat aukinheldur við trúverðuga frásögn brotaþola sjálfs samkvæmt framansögðu um að hann hafi verið sleginn aftan í hnakkann þegar hann hafi snúið baki í ákærða og svo síðar fengið spark í höndina er hann leitaði gleraugna sinna. Samkvæmt framansögðu kvaðst enginn við- staddra telja atlöguna hafa verið ætlaða öðrum en brotaþola sem ákærði gat, miðað við það sem fyrir liggur, ekki búist við að væri að ráðast gegn sér í félagi við aðra. Þannig þykja ekki vera fyrir hendi þær aðstæður sem tilgreindar eru í 1. eða 2. mgr. 12. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar af þeirri síðar tilgreindu að ákærði hafi farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, og ástæðan til þess sé sú, að hann hafi orðið svo skelfdur eða forviða, að hann hafi ekki fullkomlega getað gætt sín.

Enn fremur þykir ekkert fram komið við meðferð málsins sem girðir fyrir það ákærði hafi verið líkamlega fær um að slá brotaþola eða getað sparkað í hann. Í þeim efnum er einkum horft til þess að þó að þeir læknað sem báru um eymsli ákærða fyrir dómi hafi ekki verið á einu máli um hvernig líklegast hafi verið að beinbrot ákærða hafi komið til, þá varð hvorugur þeirra vitni að atvikum, báru báðir um áfengisþef af ákærða og áhrif ölvunar sem verkjastillingu og útilokaði hvorugur aðra mögulega skýringu á beinbroti ákærða en þá sem þeim þótti hvorum líklegust. Enn fremur þykir hvorki af framburði læknanna né öðru því sem fram er komið í málinu upplýst hvenær ákærði hafi beinbrotnað, hvort það gerðist fyrir eða eftir atlögu hans að dyraverðinum. Allt að einu bera upptökur úr búkmyndavélum lögreglu það heldur ekki með sér að eymsli hans hafi hamlað honum á vettvangi hvar hann meðal annars barðist um við handtöku.

Að öllu framanrituðu virtu þykir þannig hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem hann er ákærður fyrir gagnvart brotaþola með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru, og án þess að ástæður sem leitt geti til refsileysis eigi við. Verður hann því sakfelldur fyrir háttsemina samkvæmt ákæru, sem þykir þar réttilega heimfærð til refsíákvæðis og verður honum gerð refsing fyrir.

IV

Ákærði, sem fæddur er árið [...], hefur samkvæmt því sem greinir á sakavottorði frá 3. síðasta mánaðar einu sinni áður verið sakfelldur fyrir brot gegn refsilöggjöf. Með dómi 12. janúar 2023, sem birtur var ákærða 27. næsta mánaðar, var hann sakfelldur fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og tvo þjófnaði í byrjun árs 2022. Var hann dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára. Horfa verður til þeirrar hegðunar ákærða við mat á refsingu hans nú, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga, sem og 1. mgr. 218. gr. c, að gætttri 1. mgr. 71. gr. laganna, auk þess sem hann hefur með háttsemi sinni í máli þessu rofið almenn skilyrði frestunar fullnustu refsingar þess dóms, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga. Er þess og gætt að eins og hér hagar til þykja sjónarmið sem tiltekin eru í 1. mgr. 74. gr. laganna, þar á meðal 1. og 4. tl. hennar, ekki með réttu geta átt við um atlögu ákærða gagnvart brotaþola. Aftur á móti þykir mega líta til þess að nokkuð er um liðið frá því að ákærði framdi brot sitt, og varðar stærstur hluti þess tíma, eða fram á haustmánuði 2025, ekki ástæður sem ákærða verður um kennt.

Hefur meðferð málsins þó eftir þann tíma einvörðungu tafist þar sem ákærði mætti ekki til skýrslugjafar við aðalmeðferð þrátt fyrir boð þar um. Þá liggur fyrir að skaði brotþola af háttsemi ákærða var afar takmarkaður, sbr. 2. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga.

Verður refsing fyrrgreinds dóms ákærða frá 12. janúar 2023 samkvæmt framansögðu tekin upp með dómi þessum og ákærða ákvörðuð refsing í einu lagi, sbr. 60. og 77. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans að öllu virtu hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu þeirrar refsingar þykir mega fresta skilorðsbundið í þrjú ár haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. þeirra laga.

V

Í samræmi við 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins. Til þess kostnaðar heyra málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hlyns Jónssonar lögmanns, sem réttmætt þykir með hliðsjón af rekstri málsins, sem þar af hefur verið nokkru meiri en annars hefði þurft að vera þar sem ákærði mætti lengi vel ekki til aðalmeðferðar þrátt fyrir boð þar um, umfangi málsins að öðru leyti og því sem liggur fyrir um vinnu verjandans að ráðist af yfirliti um tímafjölda og viðmiðum um tímagjald verjanda, sbr. reglur dómstólasýslunnar nr. 1/2025 og nr. 1/2026, og ákvarðist 1.682.370 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Annar sakarkostnaður er tilkominn vegna öflunar áverkavottorða og nemur samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins og með stoð í framlögðum reikningum 68.584 krónum.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Kamil Nawrocki, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði 1.750.954 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Hlyns Jónssonar lögmanns, 1.682.370 krónur.

Hákon Þorsteinsson